

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1252/2019 um stuðning í nautgriparækt.

1. gr.

3. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo: Á markaði fyrir greiðslumark mjólkur sem haldinn verður þann 1. apríl 2020 verður hámarksverð greiðslumarks kr. 185.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum og búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. febrúar 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2020